

**Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Stefáns Árna Auðólfssonar, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík**



Reykjavík, 18. apríl 2005.

Efni: Frv. til I. um br. ýmissa lagaákvæða um áfengissölu (241. mál).

Verzlunarráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Verzlunarráð hefur um árábil fært rök fyrir nauðsyn þess að huga að breytingum á fyrirkomulagi áfengissölu hér á landi. Með ofangreindu frumvarpi yrði vissulega stigið skref í rétta átt að mati ráðsins þótt Verzlunarráð telji að fara megi einfaldari leiðir í þessum efnum. Þannig hefur verið það skoðun Verzlunarráðs í áratugi að ekkert mæli með einkaleyfi ríkisins til smásölu áfengis. Á það jafnt við um sölu á svokölluðu sterku áfengi og léttvíni. Flutningsmenn ofangreinds frumvarps kjósa að fara einhvers konar milliveg milli sjónarmiða Verzlunarráðs og sjónarmiða þeirra sem kjósa alræði ríkisins í þessum efnum. Verzlunarráð getur fallist á slíka málamiðlun. Ráðið telur þó að betur fari á því að 6. gr. frumvarpsins falli brott.

Verzlunarráð fagnar framkomnu frumvarpi og hvetur til þess að það nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,
f.h. Verzlunarráðs Íslands,

Sigríður Á. Andersen.